

Alþingi,
b.t. Rögnu Árnadóttur,
101 Reykjavík.
sigrunhelga@althingi.is

Reykjavík, 26. október 2021

Varðar: Utankjörfundaratkvæði

Vísað er til bréfs þíns, dags. 25. október sl., til yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar suður. Í bréfinu er getið um bókun umboðsmanns J-lista Sósíalístaflakks Íslands sem gerð hafi verið á úthlutunarfundi landskjörstjórnar þann 1. október sl. Þess efnis að við yfirferð utankjörfundaratkvæða á talningastað hafi stór bunki þeirra verið metinn ógildur þar sem vantað hafi undirskrift kjörstjóra.

Í bréfinu er óskað upplýsinga um þann fjölda utankjörfundaratkvæða sem ekki hafi verið tekin til greina, aðgreint eftir ástæðum þess að það var ekki gert.

Hvað varðar þau utankjörfundaratkvæði sem ekki voru tekin til greina í alþingiskosningum 25. september sl. skiptast þau svo:

Bæði innra og ytra umslag opið: 1 atkvæði

Innra umslag opið: 12 atkvæði

Vantar undirskrift kjósenda: 14 atkvæði

Vantar undirskrift kjörstjóra: 3 atkvæði

Samtals: 30 atkvæði

Í bréfinu eru einnig bornar upp þrjár spurningar og fara svör við þeim hér á eftir:

- a. Hvort ytri umslög utankjörfundaratkvæða hafi verið opnuð áður en þau bárust til kjördeilda? Ef svo, hvar?

Nei. Ytra umslag atkvæðabréfa var ekki opnað fyrr en í meðferð undirkjörstjórna á kjörfundi.

- b. Hvort umboðsmönnum hafi verið boðið að vera viðstaddir flokkun utankjörfundaratkvæða í kjördeildir og úrskurð um ógild eða tæk utankjörfundaratkvæði, sbr. 91. gr. laga nr. 24/2000?

Umboðsmönnum var boðið á fund miðvikudaginn 22. september þar sem þeim var sagt að á næstu hæð fyrir ofan færi fram flokkun atkvæðabréfa sem þeim væri velkomið að kynna sér. Umboðsmönnum var ekki boðið

sérstaklega að vera viðstaddir þegar undirkjörstjórnir í hverri af þeim 95 kjördeildum í Reykjavík fóru yfir fylgibréf atkvæðisbréfa enda er það vinna sem fer fram jafnt og þétt yfir allan kjördag. Þegar þær sendingar sem leikur vafi um gildið á koma til úrskurðar yfirkjörstjórnar eru umboðsmenn viðstaddir og bókað er sérstaklega um allan þann ágreining sem þeir gera og ástæður hans, sjá fundargerðir.

- c. Hvort utankjörfundaratkvæðaseðlar hafi verið fluttir til kjördeilda í óinnsigliðum kössum? Ef svo, hvar?

Atkvæðabréf eru flutt frá kjörstjóra sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í innsigliðum kjörkössum til yfirkjörstjórnar. Fjöldi atkvæðisbréfa berst yfirkjörstjórn á annan máta, eins og t.d. með pósti eða hraðsendingarfyrirtækjum. Eftir að yfirkjörstjórnir hafa veitt þeim móttöku eru þau ekki flutt í innsigliðum kössum heldur afhent hverfiskjörstjórnnum að morgni kjördags með öðrum kjörgögnum og svo eftir atvikum eins og þau berast á kjördag, enda eru þau ávallt í vörslu kjörstjórnar. Eins berst fjöldi atkvæðabréfa beint í kjördeildir frá kjósendum sjálfum eða einhverjum þeim tengdum. Ekki verður séð að rök eða lagaskylda hnígi að því að innsigla þessar sendingar þegar þær eru á annað borð komnar í vörslu kjörstjórnar.

Vegna tilvísunar þinnar til þess viðhorfs kjörbréfanefndar, sem yfirkjörstjórn tekur heilshugar undir, að leggja áherslu á að tryggja sem best að kjörstjórar sem aðstoði við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, einkum erlendis, hafi hlotið til þess næga þjálfun, skal eftirfarandi nefnt:

Yfirkjörstjórnir í Reykjavík og starfsfólk þeirra hafa markvisst unnið að því að fækka þeim atkvæðisbréfum sem koma til úrskurðar hjá yfirkjörstjórnnum vegna galla á atkvæðabréfum, hvort sem það eru gallar á fylgiseðlum eða hvernig búið er um atkvæðisumslag.

Í þeim tilgangi hefur m.a. verið óskað eftir sýnishornum af undirritunum kjörstjóra frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, sem og frá kjörstjórnnum erlendis í samstarfi við utanríkisráðuneytið, sem nýtast svo við að meta hvort undirritanir kjörstjóra séu gildar.

Starfsfólk yfirkjörstjórnna í Reykjavík átti einnig, fyrir nýafstaðnar kosningar, samráðsfund með fulltrúum utanríkisráðuneytisins þann 31. ágúst sl. þar sem farið var yfir leiðbeiningar til erlendra kjörstjóra, en það hefur sýnt sig að nokkur hluti þeirra atkvæðisbréfa sem berast gölluð til yfirkjörstjórnna koma erlendis frá.

Hér má sjá hlutfall þeirra atkvæðisbréfa sem metin voru ógild í báðum kjördæmum í Reykjavík við alþingiskosningar 2016, 2017 og 2021.

Alþingiskosningar - atkvæðisbréf þar sem úrskurðað var um galla á fylgiseðlum 2016-2020

Kjördæmi	Ár	Úrskurðað um	Metin gild	Metin ógild	Hlutfall ógildra
Reykjavíkurkjördæmi norður	2016	63	47	16	25,4%
Reykjavíkurkjördæmi suður	2016	67	46	21	31,3%
Reykjavíkurkjördæmi norður	2017	68	47	21	30,9%
Reykjavíkurkjördæmi suður	2017	54	26	28	51,9%
Reykjavíkurkjördæmi norður	2021	58	43	15	25,9%
Reykjavíkurkjördæmi suður	2021	90	60	30	33,3%

Einnig má nefna að í Reykjavík er það verklag viðhaft að í stað þess að ágreiningur þurfi til innan undirkjörstjórnar, varðandi annmarka á utankjörfundaratkvæði, svo að atkvæðisbréf sé sent til yfirkjörstjórnar til úrskurðar, þá eru öll þau atkvæðisbréf sem bera með sér galla send yfirkjörstjórn að kjörfundi loknum. Er það m.a. gert vegna þess að ef svo væri ekki, þá væri aðkoma umboðsmanna að skoðun þessara atkvæða lítil sem engin, þar sem þeir eru ekki við stöðugt eftirlit á öllum kjörstöðum og kjördeildum í Reykjavík, sem eru 95 talsins, en umsýsla með atkvæðisbréf (mat á því hvort atkvæðisbréfið sé gilt) er vinna sem fram fer jafnt og þétt yfir allan þann tíma sem kjörfundur stendur í öllum kjördeildum.

Með þessu móti getur yfirkjörstjórn, í viðurvist umboðsmanna framboðslista, yfirfarið umrædd atkvæðisbréf og tekið afstöðu til gildis eða ógildis þeirra og jafnframt geta umboðsmenn þá bókað um athugasemdir sínar og annað eftir atvikum.

Virðingarfyllt,
f.h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður


Heimir Örn Herbertsson